

## AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI 2014

Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014 nam 2,9 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 1,4 milljarða króna á sama tímabili 2013. Arðsemi eigin fjár var 7,8% samanborið við 4,3% á sama tímabili árið 2013. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 5,9% en var 7,6% á sama tímabili árið 2013. Heildareignir námu 933,1 milljarði króna samanborið við 938,9 milljarða króna í árslok 2013.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 22,5% en var 23,6% í árslok 2013.

### Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 2,9 mö.kr. samanborið við 1,4 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Tekju- og bankaskattar námu samtals 2,0 mö.kr. samanborið við 0,7 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 1,6 mö.kr. samanborið við 2,1 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Rekstrartekjur námu 9,0 mö.kr. samanborið við 9,1 ma.kr. á sama tímabili árið 2013.
- Hreinar vaxtatekjur námu 5,5 mö.kr. samanborið við 6,3 ma.kr. á sama tímabili 2013. Lækkunin skýrist einkum af lægri verðbólgu.
- Hreinar þóknatekjur námu 3,1 ma.kr. samanborið við 2,4 ma.kr. á sama tímabili 2013. Aukningin er einkum tilkomin vegna hærri þóknatekna hjá eignastýringu og af greiðslukortum.
- Annar rekstrarkostnaður nam 2,7 mö.kr. samanborið við 3,3 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hrein virðisbreyting er jákvæð á tímabilinu og nemur 2,0 mö.kr. í samanburði við 322 m.kr. gjaldfærslu á sama tímabili 2013. Virðisaukning útlána til fyrirtækja nemur 2,0 mö.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins en niðurfærsla útlána til einstaklinga nemur 0,8 mö.kr. Virðisaukning annarra eigna nemur 0,7 m.kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 7,8% en var 4,3% á sama tímabili 2013. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 5,9% samanborið við 7,6% á sama tímabili 2013.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 2,6% en var 3,1% á sama tímabili árið 2013.
- Kostnaðarhlutfall var 69,0% en var 72,6% á sama tímabili 2013. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 66,8% samanborið við 66,7% á sama tímabili 2013.
- Heildareignir námu 933,1 ma.kr., samanborið við 938,9 ma.kr. í árslok 2013.
- Eigið fé bankans var 147,8 ma.kr. en nam 144,9 mö.kr. í lok árs 2013.

### Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Afkoma bankans á fyrsta ársfjórðungi er viðunandi. Hagnaðurinn eykst nokkuð samanborið við fyrsta ársfjórðung síðasta árs, þrátt fyrir aukna skattbyrði, og er arðsemi eiginfjár 7,8%. Þrátt fyrir það lækka tekjur bankans og þá fyrst og fremst vegna lægri vaxtamunar þar sem verðbólga er lægri á tímabilinu en fyrir ári síðan. Að auki hafa markaðsaðstæður verið með þeim hætti að virði eigna bankans í verðbréfum og gjaldeyri lækkar á tímabilinu. Við erum þó ánægð með að þóknatekjur hækka frá því sem var á sama tímabili fyrir ári en markvisst hefur verið unnið að því á undanförunum misserum að styrkja grundvöll þóknatekna bankans. Hækkunina má fyrst og fremst rekja til eignastýringar og kortaviðskipta. Einnig hefur á undanförunu ári náðst góður árangur hvað rekstrarkostnað bankans varðar en hann lækkar á milli tímabila og starfsfólki bankans fækkar.



Mikilvægur áfangi náðist í upphafi árs þegar bankinn fékk lánsþæfismatið BB+ frá Standard & Poor's, fyrstur íslensku bankanna. Lánsþæfismat frá alþjóðlegu fyrirtæki greiðir leið okkar að erlendum lánsfjármörkuðum. Í dag er Arion banki hins vegar fullfjármagnaður og engin endurfjármögnunarpörf til staðar á næstu árum en við munum engu að síður, þegar markaðsaðstæður eru réttar, sækja okkur lánsfé og þá með það að markmiði að bæta gæði fjármögnunar bankans og lækka fjármagnskostnað.“

*Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.*



## Rekstrarreikningur – helstu atriði

### Rekstrartekjur

Rekstrarreikningur				
<i>Í milljónum króna</i>	1. fjórð. '14	1. fjórð. '13	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	5.483	6.288	(805)	(13%)
Hreinar þóknatekjur	3.148	2.449	699	29%
Hreinar fjármunatekjur	(96)	570	(666)	(117%)
Hreinn gengishagnaður/ -tap	(476)	(1.397)	921	(66%)
Aðrar rekstrartekjur	918	1.176	(258)	(22%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>8.977</b>	<b>9.086</b>	<b>(109)</b>	<b>(1%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(3.450)	(3.322)	(128)	4%
Annar rekstrarkostnaður	(2.747)	(3.277)	530	(16%)
Hrein virðisbreyting	1.967	(322)	2.289	(711%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>4.747</b>	<b>2.165</b>	<b>2.582</b>	<b>119%</b>
Tekjuskattur	(1.315)	(586)	(729)	124%
Bankaskattur	(660)	(91)	(569)	625%
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>2.772</b>	<b>1.488</b>	<b>1.284</b>	<b>86%</b>
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	92	(79)	171	(216%)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>2.864</b>	<b>1.409</b>	<b>1.455</b>	<b>103%</b>

Rekstrartekjur námu 8.977 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014 og eru nánast óbreyttar frá sama tímabili árið 2013.

*Hreinar vaxtatekjur* á tímabilinu námu 5.483 milljónum króna, samanborið við 6.288 milljónir króna á sama tíma 2013. Lækkunin milli ára er um 800 milljónir króna og skýrist einkum af mun lægri verðbólgu en var á fyrsta ársfjórðungi 2013, en lenging í fjármögnun hefur einnig áhrif á vaxtagjöld innlána og lántöku. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,6% á tímabilinu en var 3,1% á sama tíma 2013.

*Hreinar þóknatekjur* aukast um 29% milli ára og námu 3.148 milljónum króna samanborið við 2.449 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2013. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna hjá eignastýringu og af greiðslukortum.

*Hreinar fjármunatekjur* lækka töluvert milli ára eða úr 570 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2013 í 96 milljóna króna gjaldfærslu á sama tíma 2014. Arðstekjur voru tæpum 600 milljónum krónum hærri á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014 en á sama tíma 2013. Á móti kemur að mikill viðsnúningur hefur orðið á afkomu af hlutabréfa- og skuldabréfaeign samstæðunnar. Óhagstæðar markaðsaðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði á tímabilinu skýra þessar miklu breytingar milli ára.

*Hreint gengistap* nam 476 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.397 milljóna króna gengistap á sama tíma 2013. Nettó gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar nam 21,3 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Nettó gjaldeyrisjöfnuður var 31,6 milljarðar króna í árslok 2013 en bankinn hefur unnið markvisst að lækkun nettó gjaldeyrisjöfnuðar. Gjaldeyrisjöfnuður móðurfélagsins er vel innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 918 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.176 milljónir króna á sama tíma 2013. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum, en öll þessi félög eru dótturfélög bankans. Lækkun frá fyrra ári skýrist einkum af söluhagnaði af fjárfestingareign á sama tímabili 2013, en engin slík sala átti sér stað á sama tímabili 2014.



## Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður nam 6.197 milljónum króna og lækkaði um 402 milljónir króna frá sama tíma árið 2013 eða um 6,1%. Lækkunin skýrist að mestu af einskiptiskostnaði sem gjaldfærður var á fyrsta ársfjórðungi 2013. Kostnaðarhlutfall lækkar í 69,0% en var 72,6% á sama tíma árið 2013. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,7% samanborið við 3,0% á sama tíma 2013.

*Laun og launatengd gjöld* námu 3.450 milljónum króna samanborið við 3.332 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Hluti hækkunarinnar kemur til af áætluðum kostnaði af kaupaukakerfi sem ekki var til staðar á sama tímabili 2013. Stöðugildi á tímabilinu voru að meðaltali 1.144 samanborið við 1.187 á sama tíma árið 2013.

*Annar rekstrarkostnaður* nam 2.747 milljónum króna samanborið við 3.322 milljónir króna á sama tímabili á árinu 2013. Lækkunin nemur 530 milljónum króna og skýrist að stórum hluta af gjaldfærslu sektar frá Samkeppniseftirlitinu hjá dótturfélaginu Valitor á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013. Almennt má segja að annar rekstrarkostnaður sé í takt við væntingar.

*Hrein virðisbreyting* nam 1.967 milljónum króna og skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina virðishækkun á lánum upp á 2.308 milljónir króna, sem einkum er vegna lána til stærri fyrirtækja. Í öðru lagi er hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga 1.024 milljónir króna á tímabilinu. Í þriðja lagi er hrein virðishækkun annarra eigna 683 milljónir króna.

## Skattar

*Tekjuskattur* nam 1.315 milljónum króna samanborið við 586 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 27,7% fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2014 samanborið við 27,1% á sama tíma árið 2013.

*Bankaskattur* nam 660 milljónum króna samanborið við 91 milljón króna á sama tíma árið 2013. Skatthlutfallið hækkaði úr 0,1285% í 0,376% í árslok 2013.



## Efnahagsreikningur – helstu atriði


### Eignir

Í milljónum króna	31.03.2014	31.12.2013	Breyt.%	31.03.2013	Breyt.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	18.744	37.999	(51%)	28.099	(33%)
Lán og kröfur til lánastofnana	95.158	102.307	(7%)	103.444	(8%)
Lán og kröfur til viðskiptavina	642.341	635.774	1%	565.526	14%
Verðbréfaeign	99.710	86.541	15%	145.533	(31%)
Fjárfestingareignir	28.503	28.523	(0%)	28.112	1%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	10.217	10.046	2%	10.877	(6%)
Aðrar eignir	38.472	37.660	2%	25.874	49%
<b>Eignir samtals</b>	<b>933.145</b>	<b>938.850</b>	<b>(1%)</b>	<b>907.465</b>	<b>3%</b>

*Heildareignir* samstæðu Arion banka námu 933.145 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 938.850 milljónir króna í árslok 2013. Breytingar á einstökum eignaflokkum á tímabilinu eru einkum vegna breytinga í lausafjárstýringu bankans sem birtist í lægri innstæðum hjá Seðlabanka og aukinni verðbréfaeign.

### Lán til viðskiptavina

*Lán til viðskiptavina* námu 642.341 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 635.774 milljónir króna í lok árs 2013. Frá árinu 2010 hefur samsetning lánabókar samstæðunnar breyst mikið. Á það bæði við um skiptingu milli lána til einstaklinga og fyrirtækja og einnig samsetningu eftir því hvort lánin eru verðtryggð, óverðtryggð eða í erlendum myntum. Á meðfylgjandi mynd má sjá þessa þróun, sem litast verulega af tveimur atburðum, annars vegar kaupum bankans á Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund, íbúðalánasjóði Kauppings, í árslok 2010 og uppgjöri á Dróma skuldabréfi, þar sem bankinn eignaðist einstaklingslán að virði ríflega 50 milljarða króna í árslok 2013. Nú er hlutfall einstaklingslána komið upp undir 50% af lánasafni bankans til viðskiptavina og er það í samræmi við markmið bankans.





## Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 99.710 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 86.541 milljónir króna í lok árs 2013.

Verðbréfaeign					
Í milljónum króna	31.03.2014	31.12.2013	Breyt.%	31.03.2013	Breyt.%
Skuldabréf	71.858	62.171	16%	125.526	(43%)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	19.277	17.449	10%	16.975	14%
Afleiðusamningar	1.040	1.070	(3%)	1.179	(12%)
Verðbréf til áhættuvarna	7.535	5.851	29%	1.853	307%
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>99.710</b>	<b>86.541</b>	<b>15%</b>	<b>145.533</b>	<b>(31%)</b>

Hækkunin er einkum tilkomin vegna breytinga í lausafjárstyringu bankans á tímabilinu.

## Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 10.217 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 10.046 milljónir króna í lok árs 2013. Helstu eignir undir þessum flokki eru fasteignir og eignarhlutir í félögum sem hafa verið yfirtekin af bankanum í tengslum við uppgjör á lánum viðskiptavina. Þar ber helst að telja eignarhlut bankans í HB Granda hf., en bankinn átti 31% hlut í félaginu í lok uppgjörstímabilsins. Í apríl seldi bankinn 18,8% hlut í félaginu í tengslum við skráningu þess í kauphöll og á eftir sölu á kringum 12% eignarhlut í félaginu.


## Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	31.03.2014	31.12.2013	Breyt.%	31.03.2013	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	25.915	28.000	(7%)	21.617	20%
Innlán frá viðskiptavinum	470.665	471.866	(0%)	462.255	2%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	560	567	(1%)	758	(26%)
Fjárskuldir á gangvirði	9.145	8.960	2%	11.298	(19%)
Aðrar skuldir	44.524	48.024	(7%)	42.805	4%
Lántaka	203.226	204.568	(1%)	204.394	(1%)
Víkjandi lántaka	31.297	31.918	(2%)	32.052	(2%)
Eigið fé	147.813	144.947	2%	132.286	12%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>933.145</b>	<b>938.850</b>	<b>(1%)</b>	<b>907.465</b>	<b>3%</b>

Heildarskuldir námu 785.332 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 793.903 milljónir króna í árslok 2013.

## Innlán

Heildarinnlán námu 496.580 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 499.866 milljónir króna í árslok 2013. Markvisst hefur verið unnið að bindingu innlána hjá bankanum til að tryggja betur fjármögnun hans og í lok mars 2014 nam hlutfall bundinna innlána af heildarinnlánnum 48%.





## Lántaka

Lántaka bankans nam 203.226 milljónum króna samanborið við 204.568 milljónir króna í lok árs 2013. Lækkunin er einkum tilkomin vegna styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum. Í byrjun árs 2014 fékk bankinn lánshæfiseinkunn frá alþjóðlega lánshæfisfyrirtækinu Standard & Poor's, fyrstur íslenskra banka í ríflega fimm ár. Einkunnin er BB+ og mun þetta lánshæfismat auka möguleika bankans á lánsfjármörkuðum á næstu misserum, bæði innanlands og utan.

## Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 31.297 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 31.918 milljónir króna í árslok 2013. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

## Eigið fé

Eigið fé bankans nam 147.813 milljónum króna í lok mars 2014 samanborið við 144.947 milljónir króna í lok árs 2013. Breytingin skýrist af afkomu tímabilsins. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 22,5% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.

## Kennitöluyfirlit

### Kennitölur

	3 mán. '14	2013	3 mán. '13
Arðsemi eigin fjár	7,8%	9,2%	4,3%
Arðsemi eigna	1,3%	1,4%	0,6%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,6%	2,9%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,3%	2,6%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	69,0%	57,3%	72,6%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,7%	2,8%	3,0%
Virkur tekjuskattur	27,7%	17,2%	27,1%
CAD hlutfall (Eiginfjárhlutfall FME)	22,5%	23,6%	23,7%
Tier 1 hlutfall	18,2%	19,2%	18,9%
Vandræðalán	6,1%	6,3%	10,2%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	77,3%	76,8%	73,0%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	136,5%	134,7%	122,3%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.144	1.159	1.187
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.140	1.145	1.187
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	913	923	950
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	908	911	950

## Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 2F	27. ágúst 2014
Árshlutauppgjör 3F	20. nóvember 2014
Ársuppgjör 2014	Vika 8 2015



Aðalfundur 2015

Vika 12 2015

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.